

REGLUGERÐ

fyrir

bryggju á Sauðárkróki.

112

28. nóv.

1. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og tækjum hennar. Ræður hún bryggjuvörð er má vera utan nefndar, og semur um borgun fyrir störf hans og setur honum erindisbréf.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni, tækjum hennar og allri notkun. Skal hann í öllu hegða sér eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans um notkunina.

3. gr.

Bátar og skip hafa rétt til að nota bryggjuna gegn því að greiða lögmælt gjald og hlíta ákvæðum bryggjuvarðar um notkunina. Neyta þau réttar síns í þeirri röð, sem þau koma að bryggjunni. Þó skulu bátar og skip, sem flytja póst, hafa rétt til að leggja tafarlaust að bryggjunni til að afhenda póstin. Í lífsnauðsyn mega allir nota bryggjuna án endurgjalds.

4. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan verður fyrir og áhöld hennar, skal bæta að fullu eftir mati óvilhallra manna, af umráðamanni báts þess, er skemmdirnar hljóttast af.

5. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni, bryggjustöpli eða svæði því, er bryggjunni tilheyrir, fram yfir það, sem nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði heimilt að láta flytja vörurnar burtu á kostnað þeirra. Hann getur og bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

6. gr.

Bryggjugjöld greiðast af öllum uppskipuðum og útskipuðum vörum í kauptúninu sem hér segir:

- a. Fyrir hver 50 kg. eða minna af kornvörum greiðist 10 aurar.
- b. Fyrir hverja tunnu af sementi greiðist 20 aurar.
- c. Fyrir hvert stykki af venjulegum vörum (sem ekki falla undir aðra stafliði þessarar gjaldskrár) greiðist 10 aurar, séu þau ekki þyngri en 250 kg. og fyrir þyngri stykki 10 aurar fyrir hver 100 kg. Telja skal sem eitt stykki 8 skrokka af freðnu kjöti, 5 búnt af gærum og 5 búnt af tunnustöfum.

- 112** d. Fyrir bifreiðar skal greiða 4 krónur.
 28. nóv. e. Fyrir hverja smálest af umbúðalausum kolum, salti, fiski og freðsild skal greiða 1 krónu, en fyrir pakkaðan fisk 10 aura á hver 100 kg.
 f. Fyrir hvern standard af timbri greiðist kr. 1.50 en fyrir timbursendingar sem ekki ná standard greiðist $1\frac{1}{2}$ eyrir fyrir teningsfet.
 g. Fyrir hross og nautgripi greiðist 30 aurar fyrir hvern grip, enda beri bryggjan kostnað við notkun smábryggju til þessa flutnings þegar þörf krefur.
 h. Fyrir möl og sand greiðist 25 aurar fyrir smálest, þó aldrei minna en 5 kr.
 j. Fyrir skip og vélbáta, er leggjast að bryggjunni og liggja sólarhring eða minna greiðist auk stykkjagjaldsins fyrir hvert skip þannig:

Fyrir bát undir 6	smálestum að stærð (brúttó)	kr.	2.00
— — frá 6—12	— — —	—	3.00
— — — 12—20	— — —	—	4.00
— — — 20—30	— — —	—	5.00
— — — 30—50	— — —	—	6.00
— — — 50—100	— — —	—	8.00
— — — 100—250	— — —	—	20.00
— — — 250—1000	— — —	—	40.00

Liggi skipið lengur en sólarhring við bryggjuna greiðist aukagjald er sé $\frac{1}{4}$ hluti stofngjaldsins til viðbótar um hvern sólarhring sem framyfir er.

- k. Fyrir báta, er sigla áætlunarferðir hingað og leggjast að bryggjunni, greiðist auk stykkjagjaldsins fyrir hverja ferð þannig:
- | | | | |
|---------------------|--------------------|-----|-------|
| Fyrir bát undir 100 | smálestum (brúttó) | kr. | 4.00 |
| — — frá 100—250 | — | — | 10.00 |
| — — — 250—1000 | — | — | 40.00 |
- l. Sildarskip 15 smálestir og stærri, er leggjast að bryggjunni og losa þar sild, greiði fyrir þrjár fyrstu ferðirnar kr. 3.00 á ferð og fyrir hverja ferð sem framyfir er sama sumar kr. 1.50.
- m. Fyrir vélbáta, sem eiga heima á Sauðárkróki, greiðist árgjald þannig:

Sé bátnum haldið út allt að tveim mánuðum:

Fyrir bát undir 10	smálestum	kr.	20.00
— — frá 10—30	—	—	20.00—60.00

Sé bátnum haldið út tvo mánuði eða lengur:

Fyrir báta undir 10	smálestum	—	40.00
— — frá 10—30	—	—	40.00—120.00

Í þessum lið sé greitt hlutfallslega fyrir millibilsstærðir.

Hreppsnefnd getur, ef sérstök ástæða er til, vikið frá gjaldskrá þessari í einstökum atriðum, gagnvart skipum og bátum, sem fara eftir fastákveðnum áætlunum, en gera verður þá um það sérstaka fyrirframsamninga við hlutaðeigendur.

Heimilt er hreppsnefnd ennfremur að hækka bryggjugjöldin fyrir eitt ár í senn allt að 20%, ef hún sér brýna nauðsyn bera til.

7. gr.

112

Öll þau skip, er leggjast að bryggjunni og flytja vörur að eða frá Sauðárkrók, eru skyld að hafa farmskrá og afhenda eftirrit af henni í hvert sinn, er þau taka eða afhenda vörur.

28. nóv.

8. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skildir til að ganga hreinlega um hana og ræsta hana og tæki hennar þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert svo fullnægjandi sé að dómi bryggjuvarðar eða hreppsnefndar, annast bryggjuvörður ræsting á kostnað hlutaðeiganda, sem fyrirgerir rétti sínum til bryggjunota, sé ræstingarvanræksla endurtekin. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til bryggjusstöpsulsins.

9. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari innheimtir bryggjuvörður svo fljótt sem unnt er. Skipaafgreiðslum í kaupúninu er skylt að innheimta bryggjugjöld af aðfluttum og útfluttum vörum hjá eigendum vörunnar og standa skil á þeim til bryggjuvarðar svo fljótt sem unnt er. Á bryggjuvörður heimting á að fá aðgang að farmskrám skipa til að ganga úr skugga um að afgreiðslan fullnægi þessu ákvæði. Leggur bryggjuvörður allar tekjur bryggjunnar jafnóðum og þær koma inn í sérstakan sjóð, er nefnist bryggjusjóður og ávaxtast í Sparisjóði Sauðárkróks.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

10. gr.

Reikningsár bryggjusjóðs er almanaksárið, og skal bryggjuvörður svo oft, sem hreppsnefnd krefur, og að minnsta kosti tvisvar á ári, afhenda oddvita hreppsnefndar, sem hefir reikningshald sjóðsins, skilagrein fyrir öllu því af tekjum sjóðsins, er honum bar að innheimta.

11. gr.

Bryggjusjóði skal aðeins varið til viðhalds og endurbóta á bryggjunni og tækjum hennar.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 kr. og fer um mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í bryggjusjóð.

112

28. nóv.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og er þá úr gildi felld reglugerð um bryggju Sauðárkróks nr. 92, 19. okt. 1926.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. nóvember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

113

30. nóv.

REGLUGERÐ

um

skemmtanaskatt í Búðakauptúni.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 10. júní 1922, skal skatt greiða af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Búðakauptúni og aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikar.
- c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansleikar.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að en ekki eru taldar sérstaklega.